

Nýtt flugskýli Icelandair á Keflavíkurflugvelli

ÍAV hóf vinnu við lagnir í jörðu og undirstöður flugskýlisins í september 2016. Byggingarnar sem tvöfalda viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu Icelandair í Keflavík er með samanlagðan grunnflöt uppá 10.700 m². Þar af er sjálfur viðgerðarsalurinn 6.750 m² og rúmar samtímis tvær af stærstu flugvélum Icelandair, Boeing 767-300 eða sambærilegar. Tengd viðgerðarsalnum er bygging fyrir varahluta- og efnislager uppá 3.900 m² sem er að hluta til á tveimur hæðum. Auk þess var reist 2.900 m² tengibygging við það skýli sem var til staðar fyrir. Sá hluti hýsir starfsmannaaðstöðu, skrifstofur og sérhæfð verkstæði.

Verksvið ÍAV í flugskýlinu var meðal annars:

- Öll steypuvinna og steypufrágangur í undirstöðum, gólfplötum á þremur hæðum og tæknikjallara fyrir dælustöð slökkvikerfis.
- Öll pípulagnavinna, stillingar, prófanir og gangsetningar á eftirfarandi kerfum sem sum hver eru mjög sérhæfð fyrir viðgerðarskýli af þessum toga:
 - Fráveitukerfi.
 - Jarðvatnslagnir.
 - Snjóbræðslukerfi inni og úti.
 - Sérhæft hitakerfi sem meðal annars samanstendur af hitapanelum í 15,5 m hæð í viðgerðarsalnum og 9,5 m hæð í birgðageymslunni.
 - Loftþrýstikerfi bæði fyrir vinnuloft verkfæra og sérhæft svo kallað „start lofts kerfi“ fyrir flugvélahreyfla. Hvort kerfi fyrir sig er fætt frá miðlægum loftpressum í tæknirými í byggingunni og loftinu síðan dreift á tengipunkta inni í viðgerðarsalnum.
 - Vatnsúðakerfi og vatnsslökkvikerfi í birgðageymslu og tengibyggingu.
 - Sérhæft froðuslökkvikerfi í viðgerðarsalnum sem fætt er frá dælustöð í kjallara birgðageymslunnar. Með þremur 160 kW dælum og dreifurum í lofti salarins getur það fyllt viðgerðarsalinn af froðu upp í 5,0 m hæð á innan við þremur mínútum. Framleiðandi búnaðar er “TYCO Fire Protection Systems” sem sérhæfir sig m.a. í slökkvikerfum fyrir flugskýli.
 - Kælikerfi.
 - Hreinlætiskerfi.
 - Neysluvatnskerfi.
- Uppsetning, lagnir, prófanir og gangsetning rafkerfa:
 - Jarðskautskerfi bæði í jörð, steypu og fyrir jarðtengingu flugvéla og rafeindaverkstæðis.
 - Stofnar frá dreifistöð HS Veitna.
 - 3x400V, 2.000A aðaldreifitafla.
 - Allar 3x400V undirdreifitöflur.
 - 3x400V, 5-póla, 400A skinnustokkar með innátengimöguleikum til afl-dreifingar.
 - Kapalstigar og allar lagnaleiðir rafkerfa.
 - Öll 230/400 V afdreifing.
 - DALI stýrð lýsingarkerfi, uppsetning, forritun og gangsetning.
 - Tölvu- og boðkerfalagnir, þar með talið dreifiskápar, tenglar, ljósleiðaralagnir og Cat. 6 lagnir.
 - Brunaviðvörðunarkerfi og reyklosunarlúgur (stillt og gagnsett af rekstraraðila).
 - Öryggis- og aðgangsstýrikerfi (stillt og gangsett af rekstraraðila).
 - Lagnir fyrir loftræsistýringu og hússtjórnarkerfi.